

Forsætisnefnd

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 13. apríl 2021.

Samkvæmt fundadagatali borgarstjórnar fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir árlegum sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráði ungmenna. Síðasti fundur var haldinn í maímánuði 2020 og var hann að hluta til haldinn í fjarfundi vegna samkomutakmarkana. Reglulegur fundur borgarstjórnar 6. apríl nk. fellur niður vegna páskaleyfis borgarstjórnar og sömuleiðis reglulegur fundur forsætisnefndar.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að forsætisnefnd samþykki að fela forseta borgarstjórnar að undirbúa sameiginlegan fund borgarstjórnar með Reykjavíkurráði ungmenna þ.m.t. að boða og halda undirbúningsfund með fulltrúum ráðsins og undirbúa málsmeðferð þeirra tillagna sem lagðar verða fram á fundinum.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar